

Viðhorfskönnun haustið 2003

**Viðhorfskönnun hjá starfsfólki í
leikskólum og grunnskólum á Akureyri**

Ingólfur Ármannsson



Akureyri, desember, 2003

Efnisyfirlit:

Inngangur.	5
Aðdragandi könnunarinnar og framkvæmd.	6
Niðurstöður.....	7
Samantekt á helstu niðurstöðum.	20
Lokaorð.	22
Fylgiskjöl.....	24

Myndir

Mynd 1: Þátttaka í mótun starfs og stefnu skóla.	9
Mynd 2: Þátttaka í mótun starfs og stefnu skóla. Þeir sem tóku afstöðu.	9
Mynd 3: Nýting þekkingar og reynslu.	10
Mynd 4: Hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum.	10
Mynd 5: Kostur á ráðgjöf innan skóla.	12
Mynd 6: Kostur á ráðgjöf innan skóla m.t.t. þeirra sem tóku afstöðu.	12
Mynd 7: Viðhorf til þjónustu skólateymis fjölskyldudeildar.	13
Mynd 8: Viðhorf til þjónustu skólateymis fjölskyldudeildar m.t.t. þeirra sem tóku afstöðu.	13
Mynd 9: Viðhorf til þjónustu skólaþróunarsviðs HA.	14
Mynd 10: Viðhorf til þjónustu skólaþróunarsviðs HA m.t.t. þeirra sem tóku afstöðu.	14
Mynd 11: Viðhorf til þjónustu skóladeildar.	15
Mynd 12: Viðhorf til þjónustuskóladeildar m.t.t. þeirra er tóku afstöðu.	15
Mynd 13: Metnaður sveitarfélagsins í uppbyggingu góðra skóla.	16

Töflur

Tafla 1: Ánægja með skóla sem vinnustað.....	7
Tafla 2: Starfsandi í skóla.....	7
Tafla 3: Sameiginleg ábyrgð gagnvart öllum nemendum.....	8
Tafla 4: Samskipti skólastjóra og starfsfólks.....	8
Tafla 5: Sundurgreining á afstöðu til þátttöku m.t.t. kynja og réttinda.....	9
Tafla 6: Hlutdeild í ákvörðunum eftir starfsaldri.....	11
Tafla 7: Nýting tíma á kennara- og starfsmannafundum.....	11
Tafla 8: Kostur á ráðgjöf innan skóla í ljósi kyns og réttinda.....	12
Tafla 9: Viðbrögð sérfræðipjónustu.....	13
Tafla 10: Viðhorf til þjónustu skólateymis fjölskyldudeildar m.t.t. starfsaldurs.....	13
Tafla 11: Afstaða kennara og leiðbeinenda í grunnskólum til þjónustu skólaþróunarsviðs HA.....	14
Tafla 12: Viðhorf til skóladeildar eftir starfsaldri.....	15
Tafla 13: Þörf á auknu frumkvæði og nýbreytni frá skóladeild.....	15
Tafla 14: Afstaða svarenda til metnaðar sveitarfélagsins m.t.t. starfs í skólum.....	17
Tafla 15: Afstaða til metnaðar sveitarfélagsins m.t.t. starfsaldurs.....	17
Tafla 16: Afstaða til stefnu sveitarfélagsins.....	17
Tafla 17: Afstaða til stefnu sveitarfélagsins m.t.t. starfsaldurs.....	18
Tafla 18: Sjálfstæði skóla.....	18
Tafla 19: Meðferð trúnaðarupplýsinga.....	18
Tafla 20: Áhersla skóla á samskipti starfsfólks og nemenda.....	19
Tafla 21: Áhersla skóla á gott fordæmi.....	19
Tafla 22: Aðgengi að upplýsingum um starf og stefnu.....	19

Inngangur

Könnun þessi á viðhorfi starfsfólks í leikskólum og grunnskólum á Akureyri var framkvæmd í samvinnu Skóladeildar Akureyrarbæjar og Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri. Könnunin lýtur í meginatriðum að viðhorfi starfsfólks skólanna til starfs og starfsaðstæðna í skólunum. Spurningalistar voru lagðir fyrir starfsfólk í nóvember 2003. Skólaþróunarsvið kennaradeildar HA annaðist úrvinnslu úr svörum og fékk Ingólfi Ármannssyni, fv. skóla- og menningarfulltrúa Akureyrarbæjar til þess verks.

Framkvæmd könnunarinnar var í stórum dráttum þannig:

- Könnunin var lögð fyrir allt starfsfólk leikskólanna og grunnskólanna.
- Við könnunina var notað forritið Glerverk og öllum starfsmönnum ætlað að svara spurningunum í tölvuforritinu.
- Hver skóli skipulagði framkvæmd könnunarinnar hjá sér, eftir aðstæðum á hverjum stað.

Helstu niðurstöður úr könnuninni koma fram hér á eftir í þessari skýrslu. Vonast er til að þær geti orðið gagnlegar í þróunar- og umbótastarfi skólamála í bæjarfélaginu.

Akureyri 10. mars 2004

Trausti Þorsteinsson
Forstöðumaður
Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri

Aðdragandi könnunarinnar og framkvæmd

Í starfsáætlun skólanefndar 2003 eru sett fram þau meginmarkmið sem unnið skal að í skólum á Akureyri og mælikvarðar settir um árangur starfsins. Eitt af meginmarkmiðunum sem þar eru kynnt er að starfsmenn skólanna taki þátt í mótun starfs og stefnu skólanna og að starfsmenn séu ánægðir í starfi. Þátttaka kennara í mótun starfs og stefnu síns skóla eykur skilvirkni skólans og ánægju starfsmanna í starfi sem jafnframt bætir líðan nemenda og eykur árangur. Í starfsáætluninni er kynnt árangursviðmið að þessu leyti og sett það mark að 95% starfsmanna geti svarað því til að þeir taki þátt í mótun starfs og stefnu síns skóla og sama hlutfall telji sig ánægða í starfi. Jafnframt er það viðmið sett fram um stoðþjónustu skólanna að 97% starfsmanna skólanna segist ánægt með þjónustu skóladeildar, skólateymis fjölskyldudeildar og skólaþróunarsviðs kennaradeildar HA.

Til að meta hvort þessum meginmarkmiðum hafi verið náð ákvað skólanefnd að gera könnun meðal starfsmanna skólanna á ánægju þeirra í starfi. Markmiðið var að afla upplýsinga um viðhorf kennara og annars starfsfólks leik- og grunnskóla bæjarfélagsins til eigin starfsaðstæðna og starfs. Leitað var svara við þeirri meginspurningu hversu ánægt starfsfólk skólanna væri með starf sitt, starfsaðstæður og stefnu bæjaryfirvalda.

Ákveðið var að gera viðhorfskönnun meðal alls starfsfólks leik- og grunnskóla bæjarins. Í samvinnu skóladeildar og skólaþróunarsviðs kennaradeildar HA voru gerðir þrenns konar spurningalistar, fyrir kennara og leiðbeinendur grunnskóla, annað starfsfólk grunnskóla og fyrir starfsfólk leikskóla. Í flestum tilfellum voru listarnir samhljóða en með smávægilegum mun þó m.t.t. þeirra starfa sem viðkomandi starfshópar höfðu með höndum (sjá fylgiskjal).

Til að auðvelda framkvæmdina var notað könnunarforritið Glerverk, sem reynst hefur vel í hliðstæðum könnunum. Glerverk er sérstakt forrit sem býður upp á að geyma spurningalista og þátttakendur geta svarað honum beint inn í forritið. Á þann hátt getur forritið birt samantektarniðurstöður strax að svörun lokinni. Hver skóli sá um sjálfa framkvæmd könnunarinnar hjá sér. Könnunin fór fram í nóvember 2003 en þá var óskað eftir því að kennarar og annað starfsfólk svaraði spurningalistanum á tölvunni og var svörunum safnað saman í eina skrá. Í spurningalistanum voru ýmsar bakgrunnsbreytur svo hægt væri að skoða skiptingu svara bæði eftir kyni starfsfólks og starfsaldri, þar sem ástæða þætti til. Spurningarnar voru í formi fullyrðinga sem óskað var eftir að kennarar og starfsfólk tæki afstöðu til með því að svara hversu sammála þau væru fullyrðingunni (mjög sammála, fremur sammála, fremur ósammála eða mjög ósammála).

Úrvinnsla könnunarinnar var síðan í höndum skólaþróunarsviðs kennaradeildar HA þar sem beitt var lýsandi aðferðum á tölulegar niðurstöður svara. Úrvinnslan miðaðist við að fá fram heildarniðurstöður fyrir alla skólana á Akureyri. Hver skóli getur jafnframt fengið aðgang að niðurstöðum úr sínum skóla til samanburðar við heildarniðurstöður eftir því sem þeim finnst ástæða til.

Niðurstöður

Í könnuninni tóku þátt 190 kennarar og leiðbeinendur af 270 eða 70,4%, 99 aðrir starfsmenn grunnskólanna af 153 eða 64,7% og 212 starfsmenn leikskólanna af 223 eða 95,1%. Alls eru þetta 501 af 646 starfsmönnum sem skráðir eru hjá starfsmannadeild á þessu skólaári eða 77,6%.

Í úrvinnslunni úr spurningunum/fullyrðingunum hér á eftir eru sett saman á einn stað svör við fullyrðingum sem sums staðar eru ekki alveg eins orðaðar, þó að megin innihaldið sé nánast það sama. Þannig var ofurlítið mismunandi orðalag á fullyrðingum hjá starfshópunum í nr. 6, 7, 8, 10, 18 og 21. Einnig voru ekki allar fullyrðingarnar með hjá öllum starfshópunum.

Einkum átti það við um annað starfsfólk í grunnskólunum heldur en kennara og leiðbeinendur. Hjá þeim aðilum voru ekki fullyrðingar nr. 3, 10, 11, 12, 13, 14 og 17. Og hjá starfsfólki leikskólanna var ekki með fullyrðing nr. 14.

1. Ég er ánægð(ur) með skólann sem vinnustað.

Eins og sést á töflu 1 þá eru allir starfshóparnir nokkuð ánægðir með skólann sem vinnustað.

Tafla 1: Ánægja með skóla sem vinnustað.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
<i>Kennarar og leiðb.:</i>	47,6%	45,5%	5,3%	1,1%	0,5%
<i>Annað starfsfólk:</i>	45,5%	50,5%	3,0%	0,0%	1,0%
<i>Starfsfólk leikskóla:</i>	61,1%	37,4%	0,9%	0,0%	0,5%

Við samanburð á svörum starfshópanna sjáum við að 98,5% svarenda í leikskólunum eru mjög eða frekar sammála, en í grunnskólunum eru það 93,1% kennara og leiðbeinenda og 96,0% annars starfsfólks grunnskólanna sem eru mjög eða frekar sammála.

2. Starfsandinn í skólanum er góður.

Í svörum við þessari fullyrðingu kemur fram í töflu 2 að yfirgnæfandi meirihluti starfsfólksins er mjög eða frekar sammála því að starfsandinn í skólanum sé góður.

Tafla 2: Starfsandi í skóla

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
<i>Kennarar og leiðb.:</i>	44,7%	47,9%	4,7%	2,1%	0,5%
<i>Annað starfsfólk:</i>	28,4%	57,9%	9,5%	1,1%	3,2%
<i>Starfsfólk leikskóla:</i>	45,8%	49,5%	3,8%	0,0%	0,9%

Við samanburð á svörum við þessari fullyrðingu er það aftur starfsfólk leikskólanna þar sem hlutfallslega flestir svarenda, eða 95,3%, sem eru mjög eða frekar sammála. Í grunnskólunum eru það 92,6% kennara og leiðbeinenda og 86,3% annars starfsfólks sem er mjög eða frekar sammála.

3. Kennarar skólans axla sameiginlega faglega ábyrgð gagnvart öllum nemendum.

Í svörum við þessari fullyrðingu kemur fram í töflu 3 að svörin eru ekki eins afgerandi og í spurningum 1 og 2, þó að mikill meirihluti svarenda séu mjög eða frekar sammála því að axla sameiginlega faglega ábyrgð gagnvart öllum nemendum.

Tafla 3: Sameiginleg ábyrgð gagnvart öllum nemendum.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
<i>Kennarar og leiðb.:</i>	22,8%	55,6%	15,9%	3,2%	2,6%
<i>Starfsfólk leikskóla:</i>	42,9%	48,6%	6,1%	0,0%	2,4%

Hér er það enn hjá starfsfólki leikskólanna sem eru hlutfallslega mun fleiri, eða 91,5% svarenda, sem eru mjög eða frekar sammála, en ekki nema 78,4% hjá kennurum og leiðbeinendum í grunnskólunum.

4. Samskipti skólastjóra og starfsfólks í skólanum eru mjög góð.

Í töflu 4 sjáum við áfram að afgerandi meirihluti svarenda er mjög eða frekar sammála því að samskipti skólastjóra og starfsfólks séu mjög góð.


Tafla 4: Samskipti skólastjóra og starfsfólks.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
<i>Kennarar og leiðb.:</i>	41,5%	44,1%	10,6%	0,5%	3,2%
<i>Annað starfsfólk:</i>	47,4%	47,4%	3,1%	0,0%	2,1%
<i>Starfsfólk leikskóla:</i>	73,0%	24,2%	1,4%	0,0%	1,4%


Við samanburð á starfshópum skera kennarar og leiðbeinendur í grunnskólunum sig nokkuð úr, þar sem ekki eru nema 85,6% svarenda mjög eða frekar sammála, meðan hlutfallið er 94,8% hjá öðru starfsfólki grunnskólanna og 97,2% hjá starfsfólki leikskólanna.

5. Ég er virkur þátttakandi í að móta starf og stefnu skólans.

Á myndum 1 og 2 kemur vel fram að mikill meirihluti svarenda er mjög eða frekar sammála því að þau séu virkir þátttakendur í að móta starf og stefnu skólans.



Mynd 1: Þátttaka í mótun starfs og stefnu skóla.



Mynd 2: Þátttaka í mótun starfs og stefnu skóla. Þeir sem tóku afstöðu.

Ef bornir eru saman þeir svarenda sem taka afstöðu, þá sjáum við að 92,0% af starfsfólki leikskóla er mjög eða frekar sammála, en nokkuð lægra hjá grunnskólakennurum eða 81,9%.


Tafla 5: Sundurgreining á afstöðu til þátttöku m.t.t. kynja og réttinda.

Samantekt:	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki	Samtals m+f samm.
Karlk.kenn.	31,3%	40,6%	15,6%	6,3%	6,3%	71,9%
Kvenk.kenn.	22,2%	62,4%	12,0%	0,9%	2,6%	84,6%
Leiðbeinendur	12,5%	41,7%	33,3%	4,2%	8,3%	54,2%
Leiksk.kenn.	67,0%	26,8%	5,2%	0,0%	1,0%	93,8%
Ófagl.í leiksk.	26,0%	50,0%	7,3%	4,2%	12,5%	76,0%

Á töflu 5 sjáum við að aðeins 54,2% leiðbeinenda í grunnskólunum eru mjög eða frekar sammála en hjá leikskólakennurum eru hins vegar 93,8% svarenda mjög eða frekar sammála. Við sjáum einnig að nokkur munur er á körlum og konum hjá grunnskólakennurum, þar sem 12,7% fleiri konur eru mjög eða frekar sammála. Við athugun á því hvort munur sé á milli kennara eftir starfsaldri, þá kom í ljós að hjá grunnskólakennurum var tæpast marktækur munur, en hjá leikskólakennurum voru 8,2% fleiri þeirra sem höfðu 5 ára starfsaldur eða lengri sem voru mjög eða frekar sammála því að vera virkir þátttakendur í að móta starf og stefnu skólans.

6. Þekking mín og reynsla er vel nýtt í skipulagningu og framkvæmd skólastarfsins.

Á mynd 3 kemur fram að meirihluti bæði grunnskóla- og leikskólakennarar telja að þekking þeirra og reynsla sé vel nýtt í skipulagningu og framkvæmd skólastarfsins.




Mynd 3: Nýting þekkingar og reynslu.

Eins og sést á mynd 3 þá eru nokkuð margir sem svara „veit ekki“, sérstaklega hjá öðrum en grunnskóla- og leikskólakennurum. Ef við miðum eingöngu við þá sem taka afstöðu, þá eru það 75,7% grunnskólakennara og leiðbeinenda, 60,8% annars starfsfólks grunnskólanna og 87,8% starfsfólks leikskólanna sem telur þekkingu sína og reynslu vel nýtt í skipulagningu og framkvæmd skólustarfsins.

7. Ég á hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum er varða skólustarfíð.

Ljóst er þegar mynd 4 er skoðuð að mjög skiptar skoðanir eru hjá svarendum hvort þeir eigi hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum er varða skólustarfíð.



Mynd 4: Hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum.

Á mynd 4 er áberandi að af öðru starfsfólki en kennurum í grunnskólunum eru aðeins 27,4% svarenda mjög eða frekar sammála. Þar er að vísu nokkuð hátt hlutfall sem svarar “veit ekki”. En þó að þeim sé sleppt, þá eru það ekki nema 31,0% sem svara þannig.

Tafla 6: Hlutdeild í ákvörðunum eftir starfsaldri.

Samanburður:	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
Gr.sk.k. < 5 ára	8,1%	43,2%	29,7%	10,8%	8,1%
Gr.sk.k. > 5 ára	15,6%	45,1%	30,3%	5,7%	3,3%
Leiðbeinendur	25,0%	25,0%	29,2%	8,3%	12,5%
Leiksk.k. < 5 ára	18,5%	37,0%	21,3%	11,1%	12,0%
Leiksk.k. > 5 ára	47,1%	33,3%	9,2%	6,9%	3,4%

Í töflu 6 sjáum við að bæði hjá grunnskóla- og leikskólakennurum eru mun fleiri, eða 60,7% og 80,4%, þeirra sem eru með lengri starfsaldur en 5 ár, sem segjast vera mjög eða frekar sammála því að eiga hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum er varða skólastarfið.

8. Tíminn á kennara- og/eða starfsmannafundum er nýttur til að ræða mikilvæg mál er varða skólastarf.

Eins og fram kemur á töflu 7, þá er mikill meirihluti svarenda sem er mjög eða frekar sammála því að tíminn á kennara- og/eða starfsmannafundum sé nýttur til að ræða mikilvæg mál er varða skólastarfið.


Tafla 7: Nýting tíma á kennara- og starfsmannafundum.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
<i>Kennarar og leiðb.:</i>	21,3%	55,3%	19,7%	2,1%	1,6%
<i>Annað starfsfólk:</i>	17,2%	39,8%	6,5%	11,8%	24,7%
<i>Starfsfólk leikskóla:</i>	58,3%	36,0%	3,8%	0,0%	1,9%


Það er ljóst af töflu 7 að annað starfsfólk en kennarar og leiðbeinendur í grunnskólunum hefur nokkra sérstöðu, þegar svör við þessari spurningu eru skoðuð, enda sitja þeir alla jafna aðeins starfsmannafundina en ekki kennarafundi.

9. Ég á kost á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar ég þarf á að halda.

Á myndum 5 og 6 kemur fram að langflestir starfsmenn telja sig eiga kost á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar á þurfi að halda.



Mynd 5: Kostur á ráðgjöf innan skóla.



Mynd 6: Kostur á ráðgjöf innan skóla m.t.t. þeirra sem tóku afstöðu.

Á mynd 5 kemur fram að nokkuð hátt hlutfall svarenda merkir við “veit ekki”, sem bendir til að upplýsingar um aðgengi þeirra að ráðgjöf hafi ekki náð til þeirra.

Tafla 8: Kostur á ráðgjöf innan skóla í ljósi kyns og réttinda.

Samantekt:	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki	Samtals m+f samm.	Fjöldi starfsmanna
Karlk.kenn.	25,0%	46,9%	9,4%	9,4%	9,4%	71,9%	32
Kvenk.kenn	21,7%	46,1%	18,3%	5,2%	8,7%	67,8%	115
Leiðbeinendur	37,5%	50,0%	8,3%	4,2%	0,0%	87,5%	24
Aðrir gr. sk. st. m.	25,8%	35,5%	8,6%	9,7%	20,4%	61,3%	93
Starfsf. leiksk. < 5	42,6%	32,4%	4,6%	3,7%	16,7%	75,0%	108
Starfsf. leiksk. ≥ 5	54,0%	34,5%	3,4%	1,1%	6,9%	88,5%	87

Í töflu 8 er skoðuð skiptingin eftir kynjum meðal grunnskólakennara og eftir starfsaldri hjá leikskólakennurum. Ekki reyndist marktækur munur eftir starfsaldri hjá grunnskólakennurum. Af töflu 8 virðist að það sé starfsfólk leikskólanna með 5 ára starfsaldur eða meira og leiðbeinendur í grunnskólunum sem telji sig oftast eiga kost á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar á þurfi að halda.

Í aftasta dálki í töflu 8 kemur fram að svarendur eru langfæstir hjá leiðbeinendum og karlkyns kennurum og þar má því reikna með að skekkjumörk séu víðari.

10. Mér finnst sú sérfræðipjónusta sem skólunum stendur til boða bregðast fljótt við óskum um aðstoð eða ráðgjöf.

Í töflu 9 kemur fram að minni hluti kennara og leiðbeinenda í grunnskólunum telur að fljótt sé brugðist við en hins vegar meiri hluti starfsfólks leikskóla mjög eða frekar sammála því að sú sérfræðipjónusta sem skólunum stendur til boða bregðist fljótt við óskum um aðstoð eða ráðgjöf.


Tafla 9: Viðbrögð sérfræðipjónustu.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
<i>Kennarar og leiðb.:</i>	4,8%	28,3%	40,1%	15,0%	11,8%
<i>Starfsfólk leikskóla:</i>	12,8%	48,3%	10,4%	2,4%	26,1%


Eins og við sjáum í töflu 9 þá er hér hátt hlutfall þeirra sem merkja við „veit ekki“. Ef við skoðum aðeins þá sem taka afstöðu, þá eru 82,7% starfsfólks í leikskóla en aðeins 37,6% kennara og leiðbeinenda, sem merkja við mjög eða frekar sammála því að sú sérfræðipjónusta sem skólunum stendur til boða bregðist fljótt við óskum um aðstoð eða ráðgjöf.

11. Ég er ánægð/ur með ráðgjafarþjónustu skólateymis fjölskyldudeildar.

Eins og í spurningu 11, þá sést vel á myndum 7 og 8 að meirihluti kennara og leiðbeinenda í grunnskólunum er óánægður með ráðgjafarþjónustu skólateymis fjölskyldudeildar meðan meirihluti starfsfólks leikskólanna mjög eða frekar ánægður með þjónustuna.



Mynd 7: Viðhorf til þjónustu skólateymis fjölskyldudeildar.



Mynd 8: Viðorf til þjónustu skólateymis fjölskyldudeildar m.t.t. þeirra sem tóku afstöðu.

Á mynd 7 kemur vel fram að þeir sem merkja við „veit ekki“ er nokkuð stór hópur, bæði í grunnskólunum og leikskólunum. En ef við skoðum aðeins þá sem taka afstöðu á 8. mynd, þá eru það aðeins 44,1% grunnskólakennara og leiðbeinenda en 90,7% starfsfólks leikskóla sem eru mjög eða frekar ánægð með ráðgjafarþjónustu skólateymis fjölskyldudeildar.


Tafla 10: Viðhorf til þjónustu skólateymis fjölskyldudeildar m.t.t. starfsaldurs.

Samantekt:	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
Gr.sk.kenn. < 5 ár	2,8%	27,8%	27,8%	11,1%	30,6%
Gr.sk.kenn. ≥ 5 ár	2,5%	35,0%	33,3%	10,8%	18,3%
Leiðb. í gr.sk.	4,2%	25,0%	33,3%	8,3%	29,2%
Leiksk.k. < 5 ár	20,0%	48,6%	5,7%	2,9%	22,9%
Leiksk.k. ≥ 5 ár	22,6%	53,2%	8,1%	1,6%	14,5%
Ófagl. leiksk.fólk	8,7%	30,4%	4,3%	0,0%	56,5%


Á töflu 10 getum við séð að það eru eingöngu leikskólakennarar sem að meirihluta eru mjög eða frekar ánægð með ráðgjafarþjónustu skóladeildar HA.

12. Ég er ánægð/ur með ráðgjafarþjónustu skóladeildar HA.

Ef við skoðum mynd 10 um þá sem taka afstöðu þá virðist meirihluti bæði grunnskóla- og leikskólakennara vera mjög eða frekar ánægð með ráðgjafarþjónustu skóladeildar HA.



Mynd 9: Viðhorf til þjónustu skóladeildar HA.



Mynd 10: Viðhorf til þjónustu skóladeildar HA m.t.t. þeirra sem tóku afstöðu.

Hér er mjög stór hópur svarenda sem merkir við „veit ekki“, sem bendir til að hjá báðum aðilum vanti meiri kynningu á þessum þjónustutilboðum.


Tafla 11: Afstaða kennara og leiðbeinenda í grunnskólum til þjónustu skóladeildar HA.

Samantekt:	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
Kenn. í grunnsk.	4,4%	37,5%	11,9%	5,0%	41,3%
Leiðb. í grunnsk.	12,5%	20,8%	20,8%	4,2%	41,7%


Í töflu 11 getum við skoðað skiptinguna milli kennara og leiðbeinenda í grunnskólunum og kemur þar fram nokkur mismunur en hafa verður í huga að fjöldi leiðbeinenda sem svarar er aðeins 24 á móti 160 kennurum.

13. Ég er ánægð/ur með þjónustu skóladeildar Akureyrarbæjar.

Á myndum 11 og 12 kemur fram að meirihluti grunnskólakennara og leiðbeinenda er óánægður með þjónustu skóladeildar Akureyrarbæjar.



Mynd 11: Viðhorf til þjónustu skóladeildar.



Mynd 12: Viðhorf til þjónustuskóladeildar m.t.t. þeirra er tóku afstöðu.

Hér er eins og í spurningum 11 og 12 nokkuð hátt hlutfall sem merkir við „veit ekki“ eins og sést á mynd 11.

Tafla 12: Viðhorf til skóladeildar eftir starfsaldri.

Samantekt:	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
Gr.sk.kenn. < 5 ár	0,0%	27,0%	24,3%	13,5%	35,1%
Gr.sk.kenn. ≥ 5 ár	0,8%	27,5%	35,0%	8,3%	28,3%
Leiðb. í gr.sk.	8,3%	12,5%	25,0%	20,8%	33,3%
Leiksk.k. < 5 ár	11,4%	57,1%	8,6%	5,7%	17,1%
Leiksk.k. ≥ 5 ár	22,6%	53,2%	9,7%	0,0%	14,5%
Ófagl. leiksk.fólk	11,7%	44,7%	4,3%	1,1%	38,3%

Hér skiptir greinlega í tvö horn, þannig að starfsfólk leikskóla er að meirihluta mjög eða frekar sammála á meðan þetta snýst við hjá starfsfólki grunnskólanna. Þannig er meðaltal þeirra sem eru mjög eða frekar ánægð með þjónustu skóladeildar Akureyrarbæjar 66,9% hjá starfsfólki leikskóla en 25,4% hjá kennurum og leiðbeinendum í grunnskólunum.

14. Mér finnst þörf á meira frumkvæði að nýbreytni og umbótum frá skóladeild og ráðgjafþjónustu skólanna.

Þessi fullyrðing var aðeins lögð fyrir kennara og leiðbeinendur í grunnskólunum.


Tafla 13: Þörf á auknu frumkvæði og nýbreytni frá skóladeild.

Samanburður:	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
Kennarar	21,7%	32,9%	22,4%	5,6%	17,4%
Leiðbeinendur	25,0%	54,2%	4,2%	0,0%	16,7%

Í töflu 13 kemur fram nokkur mismunur milli kennara og leiðbeinenda, þar sem 79,2% leiðbeinenda en aðeins 54,6% kennara eru mjög eða frekar sammála því að þörf sé á meira frumkvæði að nýbreytni og umbótum frá skóladeild og ráðgjafabjónustu skólanna.

15. Sveitarfélagið leggur mikinn metnað í að byggja upp góðan skóla.

Á mynd 13 kemur fram afgerandi munur á viðhorfum grunnskólakennara og leiðbeinenda annars vegar og annars starfsfólks grunnskóla og starfsfólks leikskóla hins vegar.



Mynd 13: Metnaður sveitarfélagsins í uppbyggingu góðra skóla.

Í töflu 14 kemur skýrt fram að meirihluti grunnskólakennara, eða 58,7%, er mjög eða frekar ósammála því að sveitarfélagið leggi mikinn metnað í að byggja upp góðan skóla. Hjá öðrum starfshópum er meirihlutinn mjög eða frekar sammála því að sveitarfélagið leggi mikinn metnað í að byggja upp góðan skóla.

Tafla 14: Afstaða svarenda til metnaðar sveitarfélagsins m.t.t. starfs í skólum.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki	Hlutfall af mjög og frekar sammála
Grunnsk.kenn.	4,3%	32,1%	38,9%	19,8%	4,9%	36,4%
Leiðb. í grunnsk.	8,3%	41,7%	41,7%	4,2%	4,2%	50,0%
Annað st.f. gr.sk.	12,5%	50,0%	12,5%	8,3%	16,7%	62,5%
Leiksk.kenn.	8,3%	53,1%	22,9%	4,2%	11,5%	61,5%
Annað st.f. leiksk.	21,9%	55,2%	3,1%	1,0%	18,8%	77,1%

Í töflu 15 eru svörin flokkuð eftir starfsaldri svarenda.

Tafla 15: Afstaða til metnaðar sveitarfélagsins m.t.t. starfsaldurs.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki	Hlutfall af mjög og frekar sammála
Gr.sk.kennarar og leiðb. með < 5 ár:	5,3%	38,6%	36,8%	15,8%	3,5%	43,9%
Gr.sk.kennarar og leiðb. með ≥ 5 ár:	4,7%	31,0%	39,5%	19,4%	5,4%	35,7%
Starfsfólk leiksk. < 5 ár	14,0%	52,3%	11,2%	2,8%	19,6%	66,4%
Starfsfólk leiksk. ≥ 5 ár	13,5%	64,4%	12,5%	1,9%	7,7%	77,9%

Í töflu 15 sést nánar að það eru grunnskólakennarar og leiðbeinendur sem hafa 5 ára starfsaldur eða meira sem eru helst ósammála því að sveitarfélagið leggi mikinn metnað í að byggja upp góðan skóla.

16. Sveitarfélagið hefur skýra skólastefnu.

Í töflu 16 kemur fram, eins og í spurningu 15, að meiri hluti grunnskólakennara telur sveitarfélagið ekki hafa skýra skólastefnu á meðan meiri hluti annarra starfshópa segist mjög eða frekar sammála því að sveitarfélagið hafi skýra skólastefnu.

Tafla 16: Afstaða til stefnu sveitarfélagsins.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki	Mjög og frekar sammála
Kennarar og leiðb.:	3,2%	33,7%	39,6%	12,8%	10,7%	36,9%
Annað starfsf. gr.sk.:	6,3%	47,4%	9,5%	1,1%	35,8%	53,7%
Starfsfólk leikskóla:	13,7%	58,3%	11,8%	2,4%	13,7%	72,0%

Á töflu 16 sést að 72,0% af starfsfólki leikskóla og 53,7% af öðru starfsfólki í grunnskólum eru mjög eða frekar sammála því að sveitarfélagið hafi skýra skólastefnu meðan aðeins 36,9% grunnskólakennara og leiðbeinenda eru á þeirri skoðun.

Í töflu 17 eru síðan borin saman svörin út frá starfsaldursskiptingu svarenda.

Tafla 17: Afstaða til stefnu sveitarfélagsins m.t.t. starfsaldurs.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki	Hlutfall af mjög og frekar sammála
<i>Gr.sk.kennarar og leiðb. með < 5 ár:</i>	5,3%	45,6%	29,8%	8,8%	10,5%	50,9%
<i>Gr.sk.kennarar og leiðb. með ≥ 5 ár:</i>	2,4%	27,8%	44,4%	14,3%	11,1%	30,2%
<i>Starfsfólk leiksk. < 5 ár</i>	18,9%	27,4%	20,8%	1,9%	31,1%	46,2%
<i>Starfsfólk leiksk. ≥ 5 ár</i>	22,1%	49,0%	11,5%	1,9%	15,4%	71,2%

Hér kemur ennþá skýrar fram að það eru grunnskólakennarar og leiðbeinendur sem, eins og í 15. spurningu, eru mjög eða frekar ósammála því að sveitarfélagið hafi skýra skólastefnu.

17. Mér finnst að skólarnir þyrftu að vera sjálfstæðari stofnanir en þeir eru í dag.

Meiri hluti svarenda er mjög eða frekar sammála því að skólarnir þyrftu að vera sjálfstæðari stofnanir en þeir eru í dag.

Tafla 18: Sjálfstæði skóla.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
<i>Kennarar og leiðb.:</i>	28,4%	48,4%	12,1%	3,2%	7,9%
<i>Starfsfólk leikskóla:</i>	20,5%	38,1%	16,2%	1,9%	23,3%

Á töflu 18 kemur fram hjá kennurum og leiðbeinendum í grunnskólunum er hærra hlutfall þeirra sem eru mjög eða frekar sammála því að skólarnir þyrftu að vera sjálfstæðari stofnanir en þeir eru í dag eða 76,8% heldur en hjá starfsfólki leikskólanna, þar sem hlutfallið er 58,6% svarenda.

18. Í skólanum er sýnd gætni í meðferð trúnaðarupplýsinga.

Starfsfólk skólanna virðist almennt sammála um að í skólunum sé sýnd gætni í meðferð trúnaðarupplýsinga.

Tafla 19: Meðferð trúnaðarupplýsinga.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
<i>Kennarar og leiðb.:</i>	50,0%	44,6%	3,8%	0,5%	1,1%
<i>Annað starfsfólk:</i>	47,4%	41,2%	5,2%	2,1%	4,1%
<i>Starfsfólk leikskóla:</i>	69,8%	25,9%	0,9%	0,5%	2,8%

Í töflu 19 kemur fram að um 93% allra svarenda er mjög eða frekar sammála því að í skólunum sé sýnd gætni í meðferð trúnaðarupplýsinga.

19. Skólinn leggur mikla áherslu á jákvæð samskipti starfsfólks skóla og nemenda.

Hér sést einnig að svarendur eru nokkuð sammála um að skólinn leggi mikla áherslu á jákvæð samskipti starfsfólks skóla og nemenda.

Tafla 20: Áhersla skóla á samskipti starfsfólks og nemenda.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
<i>Kennarar og leiðb.:</i>	52,4%	41,3%	5,8%	0,5%	0,0%
<i>Annað starfsfólk:</i>	44,1%	44,1%	6,5%	1,1%	4,3%
<i>Starfsfólk leikskóla:</i>	80,2%	19,3%	0,5%	0,0%	0,0%

Í töflu 20 kemur fram að um 94% allra svarenda eru mjög eða frekar sammála því að skólinn leggi mikla áherslu á jákvæð samskipti starfsfólks skóla og nemenda.

20. Skólinn leggur mikla áherslu á að starfsfólk sýni nemendum gott fordæmi.

Í svörum við þessari fullyrðingu kemur einnig fram mjög samhljóða niðurstaða þar sem langflestir svarenda eru mjög eða frekar sammála því að skólinn leggi mikla áherslu á að starfsfólk sýni nemendum gott fordæmi.

Tafla 21: Áhersla skóla á gott fordæmi.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
<i>Kennarar og leiðb.:</i>	44,1%	47,3%	6,9%	0,0%	1,6%
<i>Annað starfsfólk gr.sk.:</i>	46,9%	46,9%	5,1%	0,0%	1,0%
<i>Starfsfólk leikskóla:</i>	81,3%	17,2%	1,4%	0,0%	0,0%

Í töflu 21 kemur fram að nálega 95% allra svarenda eru mjög eða frekar sammála því að skólinn leggi mikla áherslu á að starfsfólk sýni nemendum gott fordæmi.

21. Í skólanámskrá eru aðgengilegar upplýsingar um starf mitt og stefnu skólans.

Í svörum við þessari fullyrðingu kemur fram að helst virðist skortur á aðgengilegum upplýsingum um starf viðkomandi og stefnu skólans hjá öðru starfsfólki grunnskólanna en kennurum og leiðbeinendum.

Tafla 22: Aðgengi að upplýsingum um starf og stefnu.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
<i>Kennarar og leiðb.:</i>	34,9%	51,9%	7,4%	1,1%	4,8%
<i>Annað starfsfólk:</i>	13,4%	46,4%	23,7%	11,3%	5,2%
<i>Starfsfólk leikskóla:</i>	59,9%	29,0%	1,9%	1,4%	7,7%

Í töflu 22 sést að hjá kennurum og leiðbeinendum í grunnskólunum eru 86,8% og hjá starfsfólki leikskólanna 88,9% svarenda mjög eða frekar sammála um að í skólanámskrá séu aðgengilegar upplýsingar um starf þeirra og stefnu skólans. Hjá öðru starfsfólki grunnskólanna er þetta hlutfall hins vegar aðeins 59,8%.

Samantekt á helstu niðurstöðum.

- Hér verður reynt að skoða saman niðurstöður spurninga/fullyrðinga sem tengjast að einhverju leiti saman.
- *Fullyrðingar sem tengjast samskiptum starfsfólks og vinnuanda í skólunum:*
 - Sp.1 Ég er ánægð(ur) með skólann sem vinnustað: 93,1 – 98,5% svara jákvæð.
 - Sp.2 Starfsandinn í skólanum er góður: 86,3 – 95,3% svara jákvæð.
 - Sp.4 Samskipti skólastjóra og starfsfólks eru góð: 85,6 – 97,2% svara jákvæð.
 - Sp.8 Tíminn á fundum er nýttur til að ræða mikilvæg mál varðandi skólana: 57,0 – 94,3% svara jákvæð.
 - Sp.9 Ég á kost á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar ég þarf á að halda: 67,8 – 88,5% svara jákvæð.
 - Sp.18 Í skólanum er sýnd gætni í meðferð trúnaðarupplýsinga: 88,7 – 95,8% svara jákvæð.
 - Sp.21 Í skólanámsskrá eru aðgengilegar upplýsingar um starf mitt og stefnu skólans: 59,8 – 88,9% svara jákvæð.

Þegar svörin við þessum 7 spurningum eru skoðuð í heild virðist það almennt mat starfsfólks skólanna að samskipti starfsfólks og vinnuandi í skólunum sé í góðu lagi. Helstu frávikin eru í Sp. 8 og 21 og þar eru þau í báðum tilvikum tengd öðru starfsfólki í grunnskólunum en kennurum og leiðbeinendum, sem hafa nokkuð aðra stöðu.
- *Fullyrðingar sem tengjast ábyrgð gagnvart nemendum:*
 - Sp.3 Kennarar skólans axla sameiginlega faglega ábyrgð gagnvart öllum nemendum: 78,4 – 91,5% svara jákvæð.
 - Sp.19 Skólinn leggur mikla áherslu á jákvæð samskipti starfsfólks skóla og nemenda: 88,2 – 99,5% svara jákvæð.
 - Sp.20 Skólinn leggur mikla áherslu á að starfsfólk sýni nemendum gott fordæmi: 91,5 – 98,6% svara jákvæð.

Hér er mjög greinilegt að starfsfólk skólanna telur að vel sé hugsað um ábyrgðina gagnvart nemendum skólanna.
- *Fullyrðingar um virkni starfsfólks í mótun og framkvæmd skólastarfsins:*
 - Sp.5 Ég er virkur þátttakandi í að móta starf og stefnu skólans: 54,1 – 93,8% svara jákvæð.
 - Sp.6 Þekking mín og reynsla er vel nýtt í skipulagningu og framkvæmd skólastarfsins: 60,8 – 87,8% svara jákvæð.
 - Sp.7 Ég á hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum er varða skólastarfið: 27,4 – 80,5% svara jákvæð.

Þegar þessi svör eru skoðuð kemur í ljós að verulegur munur er á svörum kennara beggja skólastiganna annars vegar og annarra starfsmanna hins vegar sem, eins og búast má við, telja sig ekki eins virka í mótun og framkvæmd skólastarfsins.
- *Mat á utanaðkomandi þjónustu og ráðgjöf:*
 - Sp.10 Mér finnst sú sérfræðiþjónusta sem skólunum stendur til boða bregðast fljótt við óskum um aðstoð eða ráðgjöf: 37,6 - 82,7% svara jákvæð.
 - Sp.11 Ég er ánægð(ur) með ráðgjafarþjónustu skólateymis fjölskyldudeildar: 29,2 – 75,8% svara jákvæð.

Sp.12 Ég er ánægð(ur) með ráðgjafarþjónustu skólaþróunarsviðs kennaradeildar HA: 33,3 – 41,8% svara jákvæð.

Sp.13 Ég er ánægð(ur) með þjónustu skóladeildar Akureyrarbæjar: 20,8 – 75,8% svara jákvæð.

Þegar þessi svör eru skoðuð verður að hafa í huga að mjög margir svarenda telja sig ekki vita nóg um þessi þjónustutilboð. Í sumum starfshópum eru því allt að 40 – 50% svarenda sem taka ekki afstöðu.

Af svörunum má einnig ráða að almennt sé ánægja með þessa þjónustu og ráðgjöf mun meiri hjá starfsfólki leikskólanna en hjá starfsfólki grunnskólanna.

- *Aðkoma sveitarfélagsins að skólastarfinu:*

Sp. 15 Sveitarfélagið leggur mikinn metnað í að byggja upp góða skóla: 36,4 – 77,1% svara jákvæð.

Sp.16 Sveitarfélagið hefur skýra skólastefnu: 36,9 – 72,0% svara jákvæð.

Hér þarf einnig að hafa í huga að allmargir taka ekki afstöðu, einkum varðandi skólastefnuna. Þá er einnig mjög áberandi að meirihluti grunnskólakennara virðist greinilega ósáttur við aðkomu sveitarfélagsins að skólastarfinu meðan afgerandi meirihluti starfsfólks leikskólanna virðist nokkuð sáttur við stöðuna.

- *Nýbreytni í skólunum og sjálfstæði þeirra:*

Sp.14 Mér finnst þörf á meira frumkvæði að nýbreytni og umbótum frá skóladeild og ráðgjafarþjónustu skólanna: 54,6 – 79,2% svara jákvæð.

Sp.17 Mér finnst að skólarnir þyrftu að vera sjálfstæðari stofnanir en þeir eru í dag: 58,6 – 76,8% svara jákvæð.

Hér þarf að hafa í huga að Sp.14 var eingöngu lögð fyrir kennara og leiðbeinendur í grunnskólunum. Það er nokkuð áberandi að svörin við þessum fullyrðingum dreifast nokkuð mikið.

Lokaorð.

Eitt megin markmið þessarar könnunar var að afla upplýsinga um viðhorf kennara og annars starfsfólks leik- og grunnskóla bæjarfélagsins til eigin starfsaðstæðna og starfs. Jafnframt að skólanefnd fengi niðurstöður sem hægt yrði að nota við að setja fram árangursviðmið við gerð starfsáætlunar skólanefndar. Þeirrar meginspurningar var spurt hversu ánægt starfsfólk skólanna væri með starf sitt, starfsaðstæður og stefnu bæjaryfirvalda í skólamálu. Hér verður reynt að draga fram helstu niðurstöður, sem svör við þessari meginspurningu könnunarinnar og hvaða árangursviðmið geta talist ásættanleg.

- Það virðist almennt mat starfsfólks skólanna að samskipti starfsfólks og vinnuandi í skólunum sé í góðu lagi.
Meðaltal af fullyrðingum 1, 2 og 4 er 93,3%, þannig að það virðist raunhæft að stefna að 95 – 97% sem markmiði skólanefndar fyrir hlutfall ánægðra starfsmanna.
- Það eru eflaust ýmsar ástæður fyrir því að starfsfólk skólanna telji sig taka mismikinn þátt í mótun starfs og stefnu skólanna, m.a. vegna þess að störfin eru æði mismunandi. Meðaltal af fullyrðingum 5, 6 og 7 er 67,5%, eða um 2/3 svarenda sem telur sig taka þátt í mótun starfs og stefnu skólanna. Út frá því ætti að vera raunhæft að stefna að 70 – 75% sem árangursviðmiðun skólanefndar um hlutfall þeirra sem telja sig taka þátt í mótun starfs og stefnu skólanna.
- Það á einnig við um utanaðkomandi þjónustu og ráðgjöf að þar er þörf og/eða aðkoma starfsfólks mjög mismunandi og hefur það eflaust áhrif á svörin.
Meðaltal af fullyrðingum 10, 11, 12 og 13 er 85,1% hjá starfsfólki leikskóla en ekki nema 47,6% hjá kennurum og leiðbeinendum í grunnskólunum ef einungis er tekið mið af þeim svarendum sem taka afstöðu. Með hliðsjón af útkomunni hjá leikskólakennurum, þá ætti ekki að vera óraunhæft að stefna að því að ná 85 – 90% sem markmiði skólanefndar fyrir hlutfall starfsmanna sem sé sátt við þá utanaðkomandi þjónustu og ráðgjöf sem skólunum býðst.
- Meðaltal af fullyrðingum 3, 19 og 20 er 91,1%, þannig að það virðist raunhæft að stefna að 93 – 95% sem markmiði skólanefndar um ábyrgð starfsfólks skólanna gagnvart nemendum.

Þegar borin eru saman svörin við öllum fullyrðingunum í könnuninni er ljóst að almennt virðist starfsfólk leikskólanna mun jákvæðara í sínum svörum en starfsfólk grunnskólanna.

Þá er líka áberandi að starfsfólk skólanna telur að vel sé hugsað um ábyrgðina gagnvart nemendum skólanna.

Varðandi mat á utanaðkomandi þjónustu og ráðgjöf, þá virðist:

- mjög margir svarenda telja sig ekki vita nóg um þessi þjónustutilboð
- óánægja með þessa þjónustu og ráðgjöf vera nokkuð áberandi, einkum hjá starfsfólki grunnskólanna.

Svör við fullyrðingunum um aðkomu sveitarfélagsins að skólastarfinu gefa til kynna:

- að allmargir taka ekki afstöðu, einkum varðandi skólastefnuna

- að meirihluti grunnskólakennara virðist greinilega ósáttur við aðkomu sveitarfélagsins að skólastarfinu meðan afgerandi meirihluti starfsfólks leikskólanna virðist nokkuð sáttur við stöðuna.

Hugsanlegar aðgerðir til að koma til móts við óánægjuraddir hjá starfsfólki:

- að auka verulega kynningu á starfsemi þjónustustofnananna og aðkomu sveitarfélagsins að skólamálunum
- að bjóða upp á viðræðufundi eða ráðstefnu með starfsfólki, til að reyna að skilgreina frekar styrkleika og veikleika þessara þjónustutilboða og aðkomu sveitarfélagsins að starfsemi skólanna.

Fylgiskjöl

Spurningalisti kennara og leiðbeinenda leikskóla

Vinsamlegast merktu við eftirfarandi:

Sá sem svarar: leikskólakennari leiðbeinandi/annar starfsmaður Starfsaldur: minna en 5 ár 5 ár eða meira

Ég starfa við: Flúðir Holtakot Iðavöll Kiðagil Klappir Krógaból Lundarsel Naustatjörn
 Pálmholt Síðusel Sunnuból

Nr.	Fullyrðingar	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki	Dálkur fyrir almennar athugasemdir.
1.	Ég er ánægð/ur með skólann sem vinnustað.						
2.	Starfsandinn í skólanum er góður.						
3.	Kennarar skólans axla sameiginlega faglega ábyrgð gagnvart öllum nemendum.						
4.	Samskipti skólastjóra og starfsfólks í skólanum er mjög góð.						
5.	Ég er virkur þátttakandi í að móta starf og stefnu skólans.						
6.	Þekking mín og reynsla er vel nýtt við skipulagningu og framkvæmd skólastarfsins.						
7.	Ég á hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum er varða skólastarfið.						

Spurningalisti starfsmanna

8.	Tíminn á starfsmannafundum er nýttur til að ræða mikilvæg mál er varða skólastarf.						
9.	Ég á kost á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar ég þarf á að halda.						
10.	Mér finnst sú sérfræðipjónusta sem skólunum stendur til boða bregðast fljótt við óskum um aðstoð eða ráðgjöf.						
11.	Ég er ánægð/ur með ráðgjafarþjónustu skólateymis fjölskyldudeildar.						
12.	Ég er ánægð/ur með ráðgjafarþjónustu skólaþróunarsviðs kennaradeildar HA.						
13.	Ég er ánægð/ur með þjónustu skóladeildar Akureyrarbæjar.						
14.	Sveitarfélagið leggur mikinn metnað í að byggja upp góðan skóla.						
15.	Sveitarfélagið hefur skýra skólastefnu.						
16.	Mér finnst að skólarnir þyrftu að vera sjálfstæðari stofnanir en þeir eru í dag.						
17.	Í skólanum er sýnd gætni í meðferð trúnaðarupplýsinga.						
18.	Skólinn leggur mikla áherslu á jákvæð samskipti starfsfólks skóla og nemenda.						
19.	Skólinn leggur mikla áherslu á að starfsfólk sýni nemendum gott fordæmi.						
20.	Í skólanámskrá eru aðgengilegar upplýsingar um starf mitt og stefnu skólans.						

Spurningalisti kennara og leiðbeinenda skóla

Vinsamlegast merktu við eftirfarandi:

Sá sem svarar: karl kona kennari leiðbeinandi Starfsaldur: minna en 5 ár 5 ár eða meira

Ég kenni við: Brekkuskóla Glerárskóla Oddeyrarskóla Lundarskóla Síðuskóla Giljaskóla Hlíðaskóla

Nr.	Fullyrðingar	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki	Dálkur fyrir almennar athugasemdir.
1.	Ég er ánægð/ur með skólann sem vinnustað.						
2.	Starfsandinn í skólanum er góður.						
3.	Kennarar skólans axla sameiginlega faglega ábyrgð gagnvart öllum nemendum.						
4.	Samskipti skólastjóra og starfsfólks í skólanum er góð.						
5.	Ég er virkur þátttakandi í að móta starf og stefnu skólans.						
6.	Þekking mín og reynsla er vel nýtt við skipulagningu og framkvæmd skólastarfsins.						
7.	Ég á hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum er varða skólastarfið.						

Spurningalisti starfsmanna

8.	Tíminn á kennara- og/eða starfsmannafundum er nýttur til að ræða mikilvæg mál er varða skólastarf.						
9.	Ég á kost á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar ég þarf á að halda.						
10.	Mér finnst sú sérfræðipjónusta sem skólunum stendur til boða bregðast fljótt við óskum um aðstoð eða ráðgjöf.						
11.	Ég er ánægð/ur með ráðgjafarþjónustu skólateymis fjölskyldudeildar.						
12.	Ég er ánægð/ur með ráðgjafarþjónustu skólaþróunarsviðs kennaradeildar HA.						
13.	Ég er ánægð/ur með þjónustu skóladeildar Akureyrarbæjar.						
14.	Mér finnst þörf á meira frumkvæði að nýbreytni og umbótum frá skóladeild og ráðgjafarþjónustu skólanna.						
15.	Sveitarfélagið leggur mikinn metnað í að byggja upp góðan skóla.						
16.	Sveitarfélagið hefur skýra skólastefnu.						
17.	Mér finnst að skólarnir þyrftu að vera sjálfstæðari stofnanir en þeir eru í dag.						
18.	Í skólanum er sýnd gætni í meðferð trúnaðarupplýsinga.						
19.	Skólinn leggur mikla áherslu á jákvæð samskipti starfsfólks skóla og nemenda.						
20.	Skólinn leggur mikla áherslu á að starfsfólk sýni nemendum gott fordæmi.						

Spurningalisti starfsmanna

21.	Í skólanámskrá eru aðgengilegar upplýsingar um starf mitt og stefnu skólans.						

Spurningalisti starfsmanna skóla

Vinsamlegast merktu við eftirfarandi:

Sá sem svarar: karl kona

Starfsaldur: minna en 5 ár 5 ár eða meira

Ég starfa við: Brekkuskóla Glerárskóla

Oddeyrarskóla Lundarskóla

Síðuskóla Giljaskóla Hlíðaskóla

Nr.	Fullyrðingar	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki	Dálkur fyrir almennar athugasemdir.
1.	Ég er ánægð/ur með skólann sem vinnustað.						
2.	Starfsandinn í skólanum er góður.						
3.	Starfsfólk skóla þekkir vel til skólanámskrár skólans.						
4.	Samskipti skólastjóra og starfsfólks í skólanum eru mjög góð.						
5.	Sem starfsmaður er áhersla lögð á að ég sé virkur þátttakandi í starfi skólans.						
6.	Reynsla mín er vel nýtt í skipulagningu skólastarfsins.						
7.	Ég fæ að vera þátttakandi í ákvörðunum er varða skólastarfið.						
8.	Tími á starfsfundum er vel nýttur til að ræða mikilvæg mál er						

Spurningalisti starfsmanna

	varða skólastarfið.						
9.	Ég á kost á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar ég þarf á að halda.						
10.	Mér finnst allar upplýsingar er varða starf mitt aðgengilegar í skólanum.						
11.	Mér finnst gætilega farið með trúnaðarupplýsingar í skólanum.						
12.	Skólinn leggur mikla áherslu á jákvæð samskipti starfsfólks skóla og nemenda.						
13.	Skólinn leggur mikla áherslu á að starfsfólk sýni nemendum gott fordæmi.						
14.	Sveitarfélagið leggur mikinn metnað í að byggja upp góðan skóla.						
15.	Sveitarfélagið hefur skýra skólastefnu.						